

Til bæjarráðs.

Kópavogi 16. mars 2021.

Lækjarbotnaland 15. Reyndarteikningar af sumarbústað.

Með tilvísan til 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 óska undirrituð, lóðarhafar Lækjarbotnlands 15 í Kópavogi eftir heimild bæjarráðs til endurupptöku á erindi Sveins Ívarssonar, arkitekts sem hafnað var í skipulagsráð bæjarins þann 18. mars 2019. Forsaga málsins er sú að á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 8. mars 2019 voru lagðar fram til samþykktar svo kallaðar *reyndarteikningar* af sumarbústaði okkar sem Indriði Indriðason vann á árinu 2016. Byggingarfulltrúi vísaði erindinu til skipulagsráðs með tilvísan til 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á ofangreindum fundi skipulagsráðs var erindið tekið fyrir sem um *viðbyggingu* væri að ræða en ekki reyndarteikningu af bústaðnum eins og hann var endurbyggður.

Undirrituð fengu heimild bæjarráðs Kópavogs 14. desember 1989 til að taka á leigu umrædda spildu að Lækjarbotnalandi 15, en þar stóð bústaður í lélegu ásigkomulagi. Í bæjarráði var lögð fram uppmæling starfsmanns byggingarfulltrúa ásamt teikningu dags. 15. nóvember 1989. Teikningin sýnir útlínur bústaðarins, byggingarefni og að grunnflötur hans sé um 63 m². Við gerðum bústaðinn upp, bættum síðan við hann útigeymslu (um 3 m²) og anddyri (um 2 m²). Á árinu 2001 gerðum við lóðarleigusamning við Kópavogsbæ. Samningurinn var síðan endurnýjaður 2016 og gildir hann til ársins 2033.

Við hjónin dveljum löngum stundum í bústaðnum. Þær stundir nýtum við til þess að dytta að því sem laga þarf; við gróðursetningu í landið umhverfis bústaðinn og til að stunda útivist okkur til heilla. Staðurinn er okkur mjög kær.

Með vinsend og virðingu,

• Theodór J. Söbech *Theodór J. Söbech 1610583359*
• Sigríður A. Guðnadóttir, *Sigríður Anna Guðnad. 250466-5039*
Lundarbrekku 10,
200 Kópavogi

Hjálagt:

Afrit af erindi okkar til bæjarráðs dags. 25. október 1989.

Afrit af uppmælingu bústaðarins dags. 15. nóvember 1989

Afrit (fundarger) af samþykkt bæjarráðs frá 14. desember 1989.

Afrit af lóðarleigusamningum frá 2001 og 2016.

Lækjarbotnaland 15. Reyndarteikningar. Dags. júlí 2016.

Erindi byggingarfulltrúa dags. 8. mars 2019 þar sem m.a. kemur fram að reyndarteikningum hafi verið vísað til skipulagsráðs.

Fundargerð skipulagsráðs frá 18. mars 2019 mál nr. 12

Yfirlitsmynd af Lækjarbotnalandi 15.

Ljósmyndir að sumarbústaðnum Lækjarbotnalandi nr. 15.